

Bls. 2, Þorablótið 9. febrúar.

Nokkrar Þoramyndir
til að efla stemninguna
fyrir Þorablótið 9.
febrúar nk. Enn eru
nokkrir miðar
fáanlegir.



Bls. 5, Ljóð eftir Brian Keith Mino.

Dining with fine wine and,
Boastful cheer
Certainly, drowns out any and
All fear
While vanity fills and inner void,
For the moment (brot)



LEIRLISTANÁMSKEIÐ 4

Fannar Bergsson leirlistamaður verður með fjórða námskeiðið í leirlist 7. febrúar.

Verð á mann 5.000 kr. (innifalið 230gr. af Super Sculpey leir, málning, lakk, afnot af verkfærum og penslum)

Þemað á þessu námskeiði verður MANNSHÖNDIN.

Við munum leira hendi í hvaða stellingu sem er (opinn lófi, hnefi, friðarmerki o.s.frv) og mun höndin standa upprétt á úlnliðnum. Fannar mun að sjálfsgöðu hjálpa til við að móta listaverkið með hverjum og einum. Námskeiðið verður í tvær klukkustundir frá 13.30 til 15.30. Auka kennslustund viku seinna til að klára verkin (náðar auglýst í fyrstu kennslustund). Leir, málning og öll verkfæri verða á staðnum.

LEIRLISTANÁMSKEIÐ 4

fer fram í atvinnu- og menntaeldarherberginu á 3. hæð, þriðjudaginn 7. febrúar og 14. febrúar.

Áhugasamir skrái sig á skráningarblaðið á annarri hæð eða hringi í Klúbbinn Geysi í síma: 551 5166

Forsíðu- myndin:

Myndin er tekin fyrir utan klúbbinn einn hinna mörgu frostadaginn í janúar. Helgi Halldórsson félagi í klúbbnum skellti sér í skaflinn nokkuð fáklæddur og lét ekki kuldan hafa áhrif á sig.



Helgi Sillti sér upp fyrir ljós-myndarann einn frostkaldan dag



**Pantadu þinn
uppáhalds karakter
LEIRA MEIRA**

Sími: 869 9679

leirameira@gmail.com

www.leirameira.com

 LeiraMeira

Litli Hver Útgefandi: Klúbburinn Geysir.

Framkvæmdastjóri: Þórunn Ósk Sölvadóttir. Þeir sem unnu þetta blað: Helgi Halldórsson, Kári Ragnars, Benedikt, Fannar, Arnar. Heimilisfang: Skipholt 29. Sími: 551-5166, tölvupóstur kgeysir@kgeysir.is Heimasíða: www.klubburinngeysir.is Facebook: Klúbburinn Geysir, Instagram: klubburinn_geysir

 KLÚBBURINN
GEYSIR | 20 ÁRA

ÞORRABLÓT



ÞORRABLÓT Í GEYSI

Þorrablót Klúbbsins Geysis verður haldið 9. febrúar. Húsið opnar klukkan 18:00 að venju. Verðið er 4.000 kr. á mann og staðfestingargjald er 1.500 kr., þarf að borga fyrir 3. febrúar... Söngur og gleði í boði. Þorramaturinn hefur fylgt okkur Íslendingum frá örófi alda.

Þorrablót til forna: Þorri er nefndur í heimildum frá miðöldum sem persónugervingur eða vættur vetrar og þar er einnig minnst á þorrablót. Ekki er vitað hvernig þeim var háttað en lýsingarnar benda þó til mikilla veisla og að menn hafi gert vel við sig í mat og drykk. Engar frásagnir eru í Íslendingasögum eða öðrum fornsögnum sem gerast á Íslandi. En orðið *þorrablót* kemur fyrir í fomeskjulegum þætti sem bási er að finna í Orkneyinga sögu og á tveim stöðum í Flateyjarbók.

Á Íslandi var ekki trúfrelsi fyrr en með stjómarskránni 1874. Um miðja 20. öld var farið að halda þorrablót á veitingastaðnum Naustinu í Reykjavík, þar sem fram var borinn „hefðbundinn“ íslenskur matur, súr, reyktur og eða saltaður. Síðan hefur tíðkast að halda Þorrablót einhvern tímann á þorra, oftast á vegum félaga og ýmissa samtaka og er þorramatur mikilvægur hluti af hátíðinni.



Matseðill fyrir febrúar 2023

Matseðill er birtur með fyrirvara um breytingar

Alla daga er hægt að panta sér salatskál a la grande.
Munið að panta samdægurs fyrir klukkan 10.00

Mán.	Þri.	Mið.	Fim.	Fös.	Lau.
		1 Fajitas	2 HLAÐBORD	3 Kjúklingur og franskur	4
6 Kakósúpa með þeyttum rjóma og tvíbökum	7 Fiskur í ofni.	8 Kubbasteik	9 Pylsur Þorablót kl. 18.00	10 HLAÐBORD	11
13 Grjónagrautur, lífrarpylsa og blóðmör	14 Rómantískur hádegisverður (nánar auglýst síðar)	15 Hakk og spaghettí	16 HLAÐBORD	17 Pizza.	18 Opið Hús 11.00 til 15.00
20 Bolludagur Fiskibollur	21 Sprengidagur Saltkjöt og baunir.	22 Öskudagur Lasagne	23 HLAÐBORD	24 Kjötbollur með kartöflumús	25
27 Gellur með kartöflum og hamsatólg	28 Steiktur fiskur í raspi.				

Hefur þú tillögur að skemmtilegri matseld og hugmyndir um að auka fjölbreytni á matseðli Klúbbsins Geysis? Mættu þá á eldhúsfund kl. 10.30 síðasta mánudag hvers mánaðar og taktu þátt í að móta heilsusamlegan og fjölbreyttan matseðil.



Pórðarspeki



Oft eru jólasveinar hressir.

Betra er að vinna vel í 35 tíma en illa í 40 tíma.

Betra eru samningar en verkföll.

Oft er kalt í frosti.

Starfsárið 2022-2023
Fjölnotasalur
Listasafns Reykjavíkur
Tryggvagötu 17

17
október
2022
Mánudaginn 17. október
Hulda Jónsdóttir
flútleikari
Ragnar Jónsson
sellóleikari

28
nóvember
2022
Mánudaginn 28. nóvember
Björn Thoroddsen
gítarleikari

6
febrúar
2023
Mánudaginn 6. febrúar
Hrafnhildur Marta Guðmundsdóttir
sellóleikari
Helga Bryndís Magnúsdóttir
píanóleikari

20
mars
2023
Mánudaginn 20. mars
Magnea Tómasdóttir
söngkona
Sólveig Anna Jónsdóttir
píanóleikari

Töframáttur tónlistar

Tónleikar á mánudögum
kl. 14:00
FJÖLNOTASÁL
LISTASAFNS REYKJAVÍKUR
TRYGGVAGÖTU 17 REYKJAVÍK

Virkisstarfur:
Listasafn Reykjavíkur
Öryrkjafandagur Íslands
Reykjavíkurborg
Borpa – Góði hirðinni
Tónlistarsjóður

Listamenn tjóðarinnar:
Gunnar Kvaran sálleikari
Vakaleikgjafi:
Brynhildur Auðbjörgardóttir

Mínum á Töframátt tónlistar sem verður 6. febrúar í Listasafni Reykjavíkur kl. 14.00. Hrafnhildur Marta Guðmundsdóttir sellóleikari og Helga Bryndís Magnúsdóttir píanóleikari mun koma fram og leika á hljóðfæri sín.


Spurning mánaðarins:

Er covid á öðrum hnöttum?

Gísli: Ef að það er líf á öðrum hnöttum.




Sabela: Trúlega vírusar en ekki endilega eins og covid.



Jacky: Nei held ekki.




Gunnar: Já



Helgi: Covid kom til jarðar með loftsteini.



Þorrablóts undirbúningur í myndum



Helgi Halldórsson afhendir Klúbbnum Geysi bókina Íslensk Knattspyrna 2022. En þess skal geta að Helgi á tvær myndir í bókinni. Við óskum Helga til hamingju með þennan árangur og þökkum fyrir gjöfina. Kristjana Guðmundsdóttir félagi í Geysi tók við gjöfinni úr höndum ljósmyndarans.

Afmælisveisla félaga í janúar Nokkrar myndir



Ljóð eftir Brian Keith Mino

Downfall of the Proud/Fall Stoltstins

Dining with fine wine and,
Boastful cheer
Certainly, drowns out any and
All fear
While vanity fills and inner void,
For the moment

Út að borða með góðu víni,
Sjálfhælinn fögnuður
Yfirgnæfir vissulega og
Allan ótta
Á meðan hégómi fyllir innra tóm
Andartak

Then poverty, fear, wanting and
great anxiety sets in
for the sun that rules the day is
cruel
and the moon that rules
the night vicious.

Svo fátækt, ótti, skortur og
mikill uggur sest að
vegna þess að sólin sem stjórnar
deginum er
grimm
og tunglið sem stjórnar
nóttinni er háskalegt.

Had we been wise
instead of conceited in our own
eye's
we would have not done so
wickedly.
Then our hearts
would've felt charity,
compassion, and kindness
towards the poor.

Hefðum við verið vitur
í stað hroka í eigin augum
Hefðum við ekki hagað okkur svona
andstyggilega.
Þá hefðu hjörtu okkar
fundið kærleika,
samúð, og vinsemi
gagnvart hinum fátæku.

The type of charity we,
ourselves desire today
but have not.

Þá tegund manngæsku sem við
þráum svo mjög í dag
en eigum ekki.

Brian Keith Mino er félagi í Prime Time House í Connecticut í Bandaríkjunum. The Tajmahal Review á Indlandi tilnefndi hann til Pushcart verðlaunanna fyrir sjálfsævisögulega ljóðið The Late Bloomer til heiðurs ljóðskáldinu Robert Frost. Hann bauð okkur að birta ljóð eftir sig í Litla Hver og sendi okkur ofanskráð ljóð, sem við birtum hér á frummálinu og íslenskri þýðingu, en Benni spreytti sig á þýðingunni. Ljóð eftir Brian hafa verið birt víða um heim.

Litli Hver



Clubhouse International
Creating Community; Changing the World of Mental Health

Geðheilsa er líka heilsa



Félagsleg dagskrá í febrúar

Fimmtudagur 2. febrúar

Listasafn Reykjavíkur Kjarvalsstaðir
Rauður þráður

Fimmtudagur 9. febrúar

Þorralót Geysis kl. 18.00 til 21.00

Fimmtudagur 16. febrúar

Göngutútt í Elliðaárdal (Stífluhringurinn)

Laugardagur 18. febrúar

Opið hús 11.00 til 15.00

Fimmtudagur 23. febrúar

Opið hús kl. 16.00 til 19.00

Heilsuræktin hefst í febrúar

Mánudaginn 6. febrúar kl. 15.00 verður boðið upp á leiðsögn í heilsuveri Klúbbsins Geysis og framvegis út mánuðinn á mánudögum ef næg þátttaka næst. Nú er verið að græja og gera klárt í verinu áður lóðin fara á loft, stígvél stigin og hjólin tekin til kostana.

Afmælisveisla félaga sem eiga afmæli í febrúar verður haldin þriðjudaginn 28. febrúar kl. 14:00

Nýr starfsmaður

Kristinn Jóhann Níelsson

Það er enginn annar en Kristinn Jóhann Níelsson frá Ísafirði sem er bæði nýr starfsmaður í Geysi og viðmælandi minn þennan mánuðinn.



Kristinn Jóhann

Kristinn Jóhann er fæddur árið 1960 og er menntaður tónlistarkennari, með masters gráðu í hagnýtri menningar-miðlun og hefur starfað sem tónlistar kennari og sem skólastjóri á Flateyri Bolungarvík og Vík í Mýrdal.

Kristinn er mjög hrifinn af góðum mat og þá helst kjúklingi og fiski (þorsketi). Áhugamál Kristins eru hljóðfæraleikur, ljóðagerð, útivist og gönguferðir. Kristinn heldur upp á sjónvarpsefni eins og dönsku þættina Matador og bíómyndin The Ballad of Buster Scruggs er í miklu uppáhaldi hjá Kristni.

Og að lokum þá er Kristinn þakklátur fyrir að fá að vinna með Klúbbum Geysi og vonar að hann nái árangri og veiti gleði.

Viðtal: Arnar Laufeyjarson